

Nr. 1

Lagt fram í Héraðsdómi Reykjavíkur

16.apríl 2013.

S T E F N A

Alþýðusamband Íslands

kt. 420169-6209

Sætúni 1, Reykjavík

GERIR KUNNUGT: Að það þurfi að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Katrínu Júlíusdóttur, fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins og til réttargæslu Lífeyrissjóði verslunarmanna, Lífeyrissjóðnum Gildi, Sameinaða lífeyrissjóðnum, Stapa lífeyrissjóði, Festu lífeyrissjóði, Stöfum lífeyrissjóði, Lífeyrissjóði Vestfirðinga, Lífeyrissjóði Vestmannaeyja og Lífeyrissjóði Rangæinga.

Dómkröfur

Að viðurkennt verði með dómi að stefnda íslenska ríkinu hafi verið óheimilt að leggja á lífeyrissjóði sem félagsmenn aðildarféлага stefnanda eiga skylduaðild að samkvæmt 4. mgr. 1. gr. laga nr. 129/1997, sbr. 2. mgr. 2. gr. sömu laga sbr. 1. gr. laga nr. 55/1980, gjald samkvæmt bráðabirgðaákvæði XIV í lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sem lögfest var með 3. gr. laga nr. 156/2011.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda íslenska ríkisins að mati réttarins auk virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Engar dómkröfur eru gerðar á hendur réttargæslustefndu en skorað á þá að gæta réttar síns og veita stefnanda stuðning í málinu.

Málflutningsumboð

Undirritaður lögmaður, Magnús M. Norðdahl hrl., lögfræðingur Alþýðusambands Íslands (ASÍ) kt. 300956-3199, Sætúni 1, Reykjavík rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Aðild

Mál þetta höfðað af Alþýðusambandi Íslands í eigin nafni skv. 3. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 til gæslu lögvarinna hagsmuna allra félagsmanna allra aðildarsamtaka sinna hverjir allir eiga skylduaðild skv. 4. mgr. 1. gr. laga nr. 129/1997, sbr. 2. mgr. 2. gr. sömu laga sbr. 1. gr. laga nr. 55/1980 að lífeyrissjóðum á samningssviði sambandsins, þeim hinum sömu og stefnt er til réttargæslu.

Í samræmi við félagslögbundin markmið og hlutverk ASÍ gætir sambandið heildarhagsmuna launafólks gagnvart stjórnvöldum og fer sérstaklega með umboð til hagsmunagæslu vegna lífeyrismála sbr. m.a. kjarasamning ASÍ og Vinnuveitendasambands Íslands, nú Samtaka atvinnulífsins um lífeyrismál frá 1969 sem síðast var endurskoðaður í heild 12. desember 1995. ASÍ hefur engra sjálfstæðra hagsmuna að gæta af málssókn þessari.

Mál þetta er höfðað gegn fjármála- og efnahagsráðherra f.h. íslenska ríkisins en hann fer með fjárreiður ríkisins, skattamál og lífeyrismál sbr. 3. gr. forsetaúrskurðar nr. 100/2012 um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.

Málsatvik

Þann 3. desember 2010 gekk stefndi ásamt fjármálafyrirtækjum, Íbúðalánasjóði og Landssamtökum lífeyrissjóða frá viljayfirlýsingu um aðgerðir vegna skuldavanda heimilanna. Samkvæmt 5.tl. hennar var ákveðið að stefndi, í samstarfi við aðila yfirlýsingarinnar, myndi leita leiða til þess að fjármálafyrirtæki og lífeyrissjóðir kæmu að fjármögnun nýrrar tegundar sérstakra vaxtabóta. Yfirlýsingin var undirrituð af Landssamtökum lífeyrissjóða með fyrirvara um samþykki aðildarsjóða samtakanna, þ.m.t. réttargæslustefndu en það samþykki veittu þeir ekki.

Viðræður stjórnvalda og lífeyrissjóðanna sumarið 2011 um aðkomu lífeyrissjóðanna að hlutdeild í hinum sérstöku vaxtabótum samkvæmt yfirlýsingunni frá 3. desember 2010 skiluðu ekki árangri. Töldu lífeyrissjóðirnir sig engar heimildir hafa til ráðstöfunar á fjármunum sjóðfélaga, aðrar en þær sem finna má í lögum um starfsemi þeirra sbr. 20. gr. laga nr. 129/1997. Önnur ráðstöfun væri ólögmæt, gæti varðað stjórnarmenn ábyrgð og sjóðina sviptingu starfsleyfis sbr. m.a. 29. gr. laga nr. 129/1997 sbr. og IX. og X. kafla og 55. gr. sömu laga.

Þann 30. nóvember 2011 lagði fjármálaráðherra fram frumvarp á Alþingi að bráðbirgðaákvæði XIV í lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og var það lögfest með 3. gr. laga nr. 156/2011 frá 23. desember 2011 um breytingu á lífeyrissjóðalögum. Samkvæmt því skyldi við álagningu opinberra gjalda árin 2012 vegna tekjuársins 2011 og 2013 vegna tekjuársins 2012 lagt sérstakt 0,0814% gjald á hreina eign lífeyrissjóða til greiðslu lífeyris. Við flutning málsins á Alþingi kvað ráðherra að með því væri eingöngu verið að finna lögformlegan grundvöll fyrir því að lífeyrissjóðirnir leggi á þessum tveimur árum sitt af mörkum í hinar sérstöku vaxtabætur sem fjallað var um yfirlýsingunni frá 3. desember 2010. Jafnframt kom þá fram að ráðherra var ljóst að lagasetningin fól í sér mismunun milli sjóðfélaga almennu lífeyrissjóðanna annars vegar og hinna opinberu hins vegar. Skv. bráðabirgðaákvæðinu rennur hið sérstaka gjald, sérstaki tímabundni skattur, í ríkissjóð án sérstakra kvaða um sérstaka ráðstöfun hans.

Vegna gagnrýni stefnanda og Samtaka atvinnulífsins, fylgdi með álitni meirihluta efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, bréf forsætis- og fjármálaráðherra dags. 13. desember 2011 til þeirra þar sem fyrirheit voru gefin um endurgreiðslu skattsins í tengslum við vinnu að nýju samræmdu og sjálfbæru lífeyriskerfi fyrir allan vinnumarkaðinn sem fyrirheit höfðu verið gefin um í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð kjarasamninga 5. maí 2011. Stefnandi svaraði bréfi ráðherranna 16. desember 2011 og ítrekaði andstöðu sína við fyrirhugaða skattlagningu. Minnihluti efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis lagðist gegn frumvarpinu m.a. vegna þeirrar mismununar sem skattlagningin felur í sér.

Álögð fyrirframgreiðsla vegna tekjuársins 2011 var krafín og hún greidd í upphafi ársins 2012. Heildar fyrirframgreiðsla allra lífeyrissjóða nam samtals 1.399.171.000 kr. og greiddu almennu sjóðirnir, réttargæslustefndu, 1.011.123.000.- kr. af þeirri fjárhæð. Endanleg álagning fór fram í nóvember 2012. Greiðslur voru inntar af hendi með fyrirvara af hendi almennu lífeyrissjóðanna um lögmæti skattlagningarinnar.

Í árslok 2011 voru eignir almennu lífeyrissjóðanna á móti skuldbindingum neikvæðar um -5,55%. Ekkert mat var af hálfu stefnda lagt á hver áhrif skattlagningin hefði á getu lífeyrissjóðanna til greiðslu lífeyris.

Í janúar 2012 voru viðræður milli stefnda og lífeyrissjóðanna teknar upp að nýju. Þann 8. febrúar var gengið frá samkomulagi stefnda og

lífeyrissjóðanna um endurgreiðslu þess skatts sem lagður hafði verið á vegna tekjuársins 2011 og um afnám frekari skattlagningar. Skyldi það gert gegn þátttöku lífeyrissjóðanna í gjaldeyrisútboði Seðlabanka Íslands þann 15. febrúar 2012 með gildum tilboðum í allt að 200 milljónir Evra. Gild tilboð lífeyrissjóða námu í framhaldinu 235,2 milljónum Evra.

Með 24. gr. laga nr. 146/2012 um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem tóku gildi 22. desember 2012 var fallið frá skattheimtu ársins 2013 vegna tekjuársins 2012. Hins vegar stendur ekki til að endurgreiða álagðan og innheimtan skatt vegna tekjuársins 2011 eins og fyrirheit höfðu verið gefin um.

Viðræður stefnanda og stefnda um sættir án málssóknar hafa ekki borið árangur og er málshöfðun þessi því óhjákvæmileg.

Málsástæður og lagarök

Starfsmenn ríkis og sveitarfélaga eiga flestir aðild að stéttarfélögum sem gera kjarasamninga skv. lögum nr. 94/1986 (opinberum stéttarfélögum). Þeir eiga skylduaðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins sem starfar samkvæmt lögum nr. 1/1997 og lífeyrissjóðum sveitarfélaganna sem starfa á sama ábyrgðargrunni (opinberu lífeyrissjóðunum).

Hluti starfsmanna ríkis og sveitarfélaga og allt launafólk á almennum vinnumarkaði á aðild að stéttarfélögum sem gera kjarasamninga skv. lögum nr. 80/1938 (almennum stéttarfélögum) eða nýtur lágmarkjara skv. þeim kjarasamningum sbr. 1. gr. laga nr. 55/1980 og eiga skylduaðild að lífeyrissjóðum sem aðildarsamtök stefnanda standa að og sem starfa skv. lögum nr. 129/1997 (almennu lífeyrissjóðunum).

Almennu lífeyrissjóðirnir eru fastiðgjaldasjóðir án ábyrgðar launagreiðanda og bera ábyrgð á skuldbindingum með eignum sínum sbr. 23. gr. laga nr. 129/1997. Sé hrein eign til greiðslu lífeyris ásamt núvirði framtíðariðgjalda lægri en núvirði væntanlegs lífeyris er almennu lífeyrissjóðunum skylt skv. 39. gr. sömu laga að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sínum þ.m.t. að færa lífeyrisréttindi sjóðfélaga niður. Það ber þeim að gera tafarlaust ef munurinn verður meiri en ÷10% og eins ef hann helst meiri en ÷5% samfellt í fimm ár.

Opinberu lífeyrissjóðirnir eru fastréttindasjóðir sem lofa tilteknum og fastákveðnum réttindum og starfa á ábyrgð launagreiðenda, ríkis og sveitarfélaga. Skv. 4. mgr. 13. gr. laga nr. 1/1997 skal stjórn Lífeyrissjóðs

starfsmanna ríkisins (LSR) taka ákvörðun um að hækka framlag launagreiðenda leiði tryggingafræðileg niðurstaða í ljós, hvað A-deild lífeyrissjóðsins varðar, að hrein eign til greiðslu lífeyris ásamt núvirði framtíðariðgjalda sé ekki jafnhá núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og framtíðariðgjalda. Samkvæmt 32. gr. sömu laga ábyrgist ríkissjóður greiðslu lífeyris til þeirra sem aðild eiga að B-deild sjóðsins. Ábyrgð á getu A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga (LSS) til greiðslu lífeyris er skipað með sama hætti og á við A-deild LSR sbr. 31. gr. samþykktá sjóðsins. Að V-deild LSS eiga aðild þeir starfsmenn sveitarfélaganna sem ekki eiga skylduáðild öðrum lífeyrissjóði skv. kjarasamningi eða lögum sbr. 3. mgr. 3. gr. samþykktá sjóðsins. Dugi eignir V-deildar LSS ekki fyrir áföllnum skuldbindingum skal stjórnin gera viðeigandi ráðstafanir svo sem að skerða áunnin réttindi og þau réttindi sem iðgjald til sjóðsins veitir sbr. 43. gr. samþykktá sjóðsins. Um V-deild LSS gilda gilda því að þessu leiti sömu reglur og eiga við um almennu lífeyrissjóðina.

Óumdeilanleg staðreynd máls er að skattlagning skv. bráðbirgðaákvæði XIV í lögum nr. 129/1997 kemur með ólíkum hætti niður á sjóðfélögum hinna opinberu lífeyrissjóða og þeirra almennu þar sem geta opinberu sjóðanna til greiðslu lífeyris er, vegna ábyrgðar launagreiðenda, ónæm fyrir skattlagningunni meðan geta almennu lífeyrissjóðanna til greiðslu lífeyris er háð afkomu og minnkar sem skattlagningunni nemur. Áhætta eykst á því að eignir einstakra sjóða á móti skuldbindingum haldist undir 5% um 5 ára skeið eða slái í að vera undir 10%. Hvorutveggja kallar á lækkun réttinda sbr. 39. gr. laga nr. 129/1997, sem verður við þær aðstæður langt umfram hlutfall þeirra skatta sem innheimtir voru skv. bráðbirgðaákvæði XIV í lögum nr. 129/1997.

Skattlagning skv. bráðbirgðaákvæði XIV í lögum nr. 129/1997, sem skv. orðanna hljóðan leggst með sama hætti á almenna og opinbera lífeyrissjóði, en sem kemur fram í mismunandi áhrifum á lífeyrisréttindi þau sem þeir geta veitt, mismunar sjóðfélögum almennu lífeyrissjóðanna og þar með félagsmönnum stefnanda borið saman við sjóðfélaga opinberu lífeyrissjóðanna og felur því í sér brot gegn jafnræðisreglu 1. mgr. 65. gr. Stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 hverrar verndar félagsmenn stefnanda njóta sem eiginlegir þolendur áhrifa hins álagða skatts.

Lífeyrisréttindi félagsmanna stefnanda njóti verndar skv. 72. gr. stjórnarskrár um verndum eignaréttar. Þau réttindi verða ekki skert, með skattheimtu eða

öðrum hætti, án þess að jafnræðis sé gætt um þá sem sambærilegir geti talist. Félagsmenn stefnanda, sem allir eiga skylduaðild að hinum almennu lífeyrissjóðum eru fullkomlega sambærilegir við sjóðfélaga opinberu lífeyrissjóðanna. Mismunun millum þeirra með skattlagningunni var stefnda ljós og opinberlega viðurkennd við lagasetninguna en hvorki rökstudd eða byggð á hlutlægum eða málefnalegum sjónarmiðum.

Samkvæmt 6.tl. 4. gr. tekjuskattslaga nr. 90/2003 eru lífeyrissjóðir undanþegnir tekjuskatti og skv. 2.tl. 74. gr. sömu laga eru lífeyrisréttindi ekki eignaskattskyld. Í þessu felst að skattgreiðsla af þeim hluta af tekjum manna sem varðveittur er í lífeyrissjóðum er frestað þar til greiðsla lífeyris hefst. Félagsmenn stefnanda máttu ætla að þessum reglum yrði ekki breytt hvað þegar áunnin réttindi varðar og þær lögsmætu væntingar njóta verndar 72. gr. stjórnarskrár almennt en ekki síst njóta þær verndar gegn ólögsmætri mismunun í andstöðu við 1. mgr. 65. gr. hennar.

Tilgangur stefnda með skattlagningunni var almenn öflun tekna í ríkissjóð þó finna megji þá skýringu í undirbúningsgögnum og umræðum á Alþingi að tekjunum verði ætlað að standa undir greiðslu sérstakra vaxtabóta í þágu skilgreinds hóps í samfélaginu. Stefnda bar skylda til þess að haga lagasetningu með þeim hætti að sambærilegum hópum launamanna, félagsmönnum stefnanda og sjóðfélögum lífeyrissjóðanna, yrði ekki mismunað með órökstuddum og ómálefnalegum hætti í andstöðu við 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrár. Engin lögbundin nauðsyn knúði stefnda til þess að skattleggja lífeyrissjóðina og þá um leið réttindi sjóðfélaga almennu lífeyrissjóðanna sérstaklega vegna þeirra áhrifa sem skattlagningin hefur, til þess að afla ríkissjóði almennra tekna. Önnur skattlagning sem ekki leiddi til þeirrar þekktu og viðurkenndu mismununar sem skattlagning skv. bráðbirgðaákvæði XIV í lögum nr. 129/1997 leiddi til var stefnda tiltæk.

Af öllu framanrituðu sé ljóst stefnda hafi verið óheimilt að leggja hið umdeilda gjald á lífeyrissjóði sem félagsmenn aðildarfélaga stefnanda eiga skylduaðild að.

Allir félagsmenn allra aðildarsamtaka stefnanda hafa beinna, skýrra og lögvarinna hagsmuna að gæta af dómsniðurstöðu í máli þessu og því, að geta þeirra lífeyrissjóða til greiðslu lífeyris, sem þeim er skylt að eiga aðild að, sé ekki skert eða líkur auknar á því að til skerðingar kunni að koma á lífeyrisréttindum þeirra sbr. 39. gr. laga nr. 129/1997.

Sönnunargögn

Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram:

- Nr. 1 Stefnu þessa.
- Nr. 2 Skrá um framlögð skjöl.
- Nr. 3 1. kafla laga ASÍ. „Nafn og markmið“.
- Nr. 4 Samning ASÍ og VSÍ um lífeyrismál 12.12 1995.
- Nr. 5 Viljayfirlýsingu um aðgerðir vegna skuldavanda 3.12 2010.
- Nr. 6 Yfirlýsing ríkisstjórnar vegna kjarasamninga 5.5 2011.
- Nr. 7 Þingskjal 444 - 368 mál á 140 löggjafarþingi. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997 ásamt umsögn fjármálaráðuneytisins.
- Nr. 8 Fyrri ræða fjármálaráðherra um mál 368 á 140 löggjafarþingi 8.12 2011 ásamt andsvörum.
- Nr. 9 Fyrri ræða Péturs H. Blöndal um mál 368 á 140 löggjafarþingi 8.12 2011 ásamt andsvörum.
- Nr. 10 Umsögn fjármálaeftirlitsins vegna 368 máls á 140 löggjafarþingi.
- Nr. 11 Óundirritað bréf forsætisráðherra og fjármálaráðherra til forseta ASÍ og framkvæmdastjóra Samtaka atvinnulífsins 12.12 2011.
- Nr. 12 Svar forseta ASÍ til forsætisráðherra og fjármálaráðherra 12.12 2011.
- Nr. 13 Umsögn Samtaka atvinnulífsins vegna 368 máls á 140 löggjafarþingi.
- Nr. 14 Bréf forsætisráðherra og fjármálaráðherra til forseta ASÍ og framkvæmdastjóra Samtaka atvinnulífsins 13.12 2011.
- Nr. 15 Netpóstsamskipti fjármálaráðherra, forseta ASÍ og framkvæmdastjóra Samtaka atvinnulífsins 13 og 14.12 2011.
- Nr. 16 Álit meirihluta efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis um 368 mál á 140 löggjafarþingi. Þingskjal 570.
- Nr. 17 Álit minnihluta efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis um 368 mál á 140 löggjafarþingi. Þingskjal 588.
- Nr. 18 Svar ASÍ við erindi forsætisráðherra og fjármálaráðherra frá 13.12 2011, dags. 16.12 2011.
- Nr. 19 Ræða framsögumanns meirihluta efnahags- og viðskiptanefndar um mál 368 á 140 löggjafarþingi 17.12 2011 ásamt andsvörum.
- Nr. 20 Ræða framsögumanns minnihluta efnahags- og viðskiptanefndar um mál 368 á 140 löggjafarþingi 17.12 2011 ásamt andsvörum.
- Nr. 21 Fyrirvara þriggja lífeyrissjóða vegna greiðslu dags. 13.1 2012.
- Nr. 22 Drög að samkomulagi stjórnvalda og lífeyrissjóða 19.1 2012.
- Nr. 23 Minnisblað fjármálaráðherra 20.1 2012 um útfærslur nokkurra atriða til þess að greiða fyrir framlengingu kjarasamninga.

- Nr. 24 Minnisblað fjármálaráðherra og lífeyrissjóðanna 8.2 2012 um fjármögnun lífeyrissjóða á sérstökum vaxtabótum.
- Nr. 25 Skýrsla FME 3.7 2012. Lífeyrissjóðir – Ársreikningar 2011 ásamt kennitölum og öðrum upplýsingum. Bls. 74.
- Nr. 26 Bréf Seðlabanka Íslands til landssamtala lífeyrissjóða 5.7 2012.
- Nr. 27 Svar fjármálaráðherra við fyrirspurn Péturs H. Blöndal um álögur á lífeyrissjóði. Þingskjal 1121 á 140 löggjafarþingi.
- Nr. 28 Úr samþykktum Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga

Skýrslugjöf fyrir dómi:

Stefnandi áskilur sér rétt til töku skýrslna af fyrirvarsmönnum stefnanda og stefndu eða vitnum, ef þörf reynist undir rekstri málsins.

Áskilnaður:

Stefnandi áskilur sér rétt til að breyta kröfugerð, koma að frekari málsástæðum, lagarökum og gögnum eftir því sem tilefni gefst til undir rekstri málsins.


Fyrirkall

Fyrir því stefnist hér með Katrínu Júlíusdóttur, kt. 231174-3389, til heimilis að Kjarrhólma 2, Kópavogi, fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins, kt. 540269-6459, Arnarhvoli, Reykjavík til að mæta er mál þetta verður þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur þriðjudaginn 16. Apríl 2013 kl. 10:00, í dómsal nr. 102 í dómhúsi Héraðsdóms Reykjavíkur við Lækjartorg í Reykjavík, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar að hlýða og leggja fram varnir af sinni hálfu, ef einhverjar eru. Ef ekki verður mætt af hálfu stefnda við þingfestingu málsins má búast við því að útivistardómur gangi.

Fyrir því stefnist hér til réttargæslu Guðmundi Þór Þórhallssyni, kt.190763-4639, Frostabíngi 10, Kópavogi framkvæmdastjóra fyrir hönd Lífeyrissjóðs verslunarmanna, Kringlunni 7, Reykjavík, kt. 430269-4459, Árna Guðmundssyni, kt.190556-4339, Bollagörðum 81, Seltjarnarnesi, framkvæmdastjóra fyrir hönd Lífeyrissjóðsins Gildis, Sætúni 1, Reykjavík, kt. 561195-2779, Kristjáni Erni Sigurðssyni, kt.180369-3339, Sunnuflöt 16, Garðabæ, framkvæmdastjóra fyrir hönd Sameinaða lífeyrissjóðsins, Borgartúni 30, Reykjavík, kt. 620492-2809, Kára Arnór Kárasyni, kt.300556-3379, Dvergagili 32, Akureyri, framkvæmdastjóra fyrir hönd Stapa lífeyrissjóðs, Strandgötu 3, Akureyri, kt. 601092-2559, Gylfa

Jónassyni, kt.240660-4669, Geitastekk 4, Reykjavík, framkvæmdastjóra fyrir hönd Festu lífeyrissjóðs, Tjarnargötu 12, Keflavík, kt. 571171-0239, Ólafi Sigurðssyni, kt.130270-2989, Háteigsvegi 18, Reykjavík, framkvæmdastjóra fyrir hönd Stafa lífeyrissjóðs, Stórhöfða 31, Reykjavík, kt. 430269-0389, Guðrúnu Guðmannsdóttur, kt.110553-4989, Hafraholt 46, Ísafirði, framkvæmdastjóra fyrir hönd Lífeyrissjóðs Vestfirðinga, Hafnarstræti 9-13, Ísafirði, kt. 490671-0809, Hauki Jónssyni, kt.310167-5689, Kirkjuvegi 70, Vestmannaeyjum, framkvæmdastjóra fyrir hönd Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja, Vestmannaeyjum, kt. 580572-0229 og Þresti Sigurðssyni, kt.250867-4769, Geitasandi 3, Hellu, framkvæmdastjóra fyrir hönd Lífeyrissjóðs Rangæinga, Suðurlandsvegi 3, Hellu, kt. 660472-0299, til að mæta er mál þetta verður þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur þriðjudaginn 16. Apríl 2013 kl. 10:00, í dómsal nr. 102 í dómhúsi Héraðsdóms Reykjavíkur við Lækjartorg í Reykjavík, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar að hlýða, gæta réttar síns, veita stefnanda stuðning og leggja fram gögn af sinni hálfu, ef einhver eru.

Reykjavík 15. apríl 2013



Magnús M. Norðdahl hrl.

Mér nægjanlega birt fyrir hönd stefnda. Fallið frá stefnufresti.

Ruk. 15. apríl 2013

Eginn Norðdahl, hrl.

Mér nægjanlega birt fyrir hönd réttargæslustefndu. Fallið frá stefnufresti.

Ruk. 15. apríl 2013

Hallur Ólafsson hrl.